

Nd.

1063. Nefndarálit

[456. mál]

um frv. til l. um Byggðastofnun.

Frá 1. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Það frv., sem hér liggur fyrir, ber að skoða í samhengi við frv. til l. um Framkvæmda-
sjóð Íslands. Þessi tvö frv. fela það eitt í sér að Framkvæmdastofnun verði skipt í tvennt með
tveimur stjórnnum og forstjórum. Önnur skipulagsbreyting er nánast engin skv. þessum
frumvörpum. Ágallar núverandi kerfis skulu því framlengdir. Munurinn er einungis sá að nú
á að auka báknið.

Byggðapróunarmál og byggðaáætlanir eru best komin í höndum þeirra sem ábyrgð bera
á framkvæmdinni og best til þekkja. Í samræmi við það er eðlilegt að færa þessi verkefni út í
héruðin til lýðræðislega kjörinna fylkisstjórna eða hliðstæðra eininga.

Þar sem fyrirbyggjandi frumvarp gerir ekki ráð fyrir slíkri valddreifingu og stefnir ekki til
neinna framfara en samþykkt þess er hins vegar afsökun fyrir því að takast ekki á við það
verkefnið, sem vinna verður í raunverulegri skipulagsbreytingu og valddreifingu, leggur
undirritaður til að það verði fellt.

Alþingi, 30. maí 1985.

Kjartan Jóhannsson.